

um athugun á sérstökum ráðstöfunum til endurnýjunar smærri vélbáta og bættum rekstrargrundvelli fyrir þá.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Birgir Finnsson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram, í samráði við Fiskveiðasjóð Íslands, bátadeild L. Í. Ú., heildarsamtök sjómanna, Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands, athugun á auknum fyrirgreiðslum í sambandi við endurnýjun vélbátaflotans allt að 120 rúmlesta stærð. Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta fara fram, í samráði við sömu aðila, eftir því sem við á, athugun á því, með hvaða hætti og við hvaða veiðar þessir bátar verði bezt nýttir, sérstaklega utan vetrarvertíðar.

Greinargerð.

Tillaga sú, sem hér er flutt, er tvíþætt, annars vegar um athugun á sérstökum ráðstöfunum til endurnýjunar smærri vélbáta og hins vegar um athugun á bættum rekstrargrundvelli fyrir þá.

Í sambandi við hið fyrra atriði má á það benda, að óvefengjanlega liggur fyrir, að bátum af stærðinni 20—120 tonn hefur fækkað verulega hin síðari ár. Kom þetta greinilega fram í skýrslu skipaskoðunarstjóra nú fyrir nokkru og einnig í grein formanns L. Í. Ú. í 3. tölublaði Ægis þetta ár, en þar segir svo:

„Þróunin undanfarin ár hefur verið á þá leið, að eldri bátarnir af stærðinni 20—120 rúml. hafa verið að heltast úr lestinni, og á undanförunum 5 árum hefur fjöldi þeirra, sem strikaðir hafa verið út af skipaskrá, verið sem hér segir: . . . Samtals 101 bátur, 5465 rúmlestir. Endurnýjun á þessari bátastærð hefur verið á þessu 5 ára tímabili 22 bátar, 1624 rúmlestir.“

Þetta segir sína sögu, og er því miður ástæða til að óttast, að þessi þróun haldi áfram, ef ekkert verður að gert, og hlýtur það að stofna fiskvinnslunni í landinu í beina hættu, þar sem vitað er, að einmitt bátar af þessari stærð afla verulegs hluta af því hráefni, sem vinnslustöðvarnar viðs vegar um land fá til úrvinnslu.

Ef litið er í Sjómannaalmanakið fyrir þetta ár, kemur í ljós, að aldur vélbáta af umræddri stærð er sem hér segir:

4 ára og yngri	16 bátar
5 — 10 ára	67 —
11 — 15 ára	83 —
16 — 20 ára	16 —
21 — 25 ára	101 bátur
26 ára og eldri	80 bátar

Samtals eru þetta 363 bátar af stærðinni 20—120 rúmlestir, og sést af þessu, að um helmingur fiskibáta af umræddri stærð er orðinn 20 ára og eldri. Elzti báturinn á skipaskrá um s. l. áramót var frá 1878, en umbyggður 1942, en hann hefur nú á þessu ári verið tekinn úr umferð.

Sýnir þetta, að full ástæða er til að óttast, að sú þróun, sem verið hefur, haldi áfram, að tala þeirra báta, sem falla burt af skipaskrá, verði mun hærri en tala þeirra nýrra báta, sem við bætast.

Á skipaskrá bættist aðeins 1 nýr bátur af þessari stærð árið 1966, 2 bátar árið 1965, 4 árið 1964 og 9 árið 1963. Virðist af þessu mega ráða, að nær alger stöðnun sé komin í byggingu fiskibáta af umræddri stærð, þ. e. 20—120 rúmlestir. Hljóta allir að vera sammála um, að þessa óheillaþróun verði með einhverjum ráðum að stöðva, og er það annars vegar tilgangurinn með þessari tillögu, að ríkisstjórnin láti þá aðila, sem bezta þekkingu hafa á þessum málum, athuga, hvaða leiðir helzt

koma til greina til úrbóta. Meðal annars telja flm. þessarar þáttill. athugandi, hvort ekki væri eðlilegt, að stjórn fiskveiðasjóðs yrði veitt heimild til þess að veita aukalán út á 2. veðrétt nýrra báta af þessari stærð, þannig að heildarlán út á þá mættu vera allt að 90% af matsverði eða byggingarkostnaði þeirra, einnig hvort ekki væri tiltækilegt, að slík aukalán yrðu afborgana- eða vaxtalaus einhvern tiltekinn tíma, t. d. 5 ár. Fleiri leiðir koma að sjálfsögðu til athugunar, og má ef til vill styðjast við fordæmi annarra fiskveiðipjóða, sem talið hafa nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sambandi við endurnýjun þeirra báta, sem bolfiskveiðar stunda.

Um síðara atriði tillögunnar, bættan rekstrargrundvöll fyrir báta af umræddri stærð, má segja, að ekki sé síður þörf á að athuga það, sérstaklega að því er varðar möguleika bátanna til veiða utan vetrarvertíðar. Hvað þar kemur helzt til greina, er að sjálfsögðu ærið rannsóknarefni, og getur þar margt komið til, t. d. hvort hægt er að auka línuveiðar, þar sem það getur átt við, og einnig kemur til athugunar, hvort hægt sé að bæta rekstrargrundvöll þessara báta með auknum veiðiheimildum í sambandi við dragnót og togveiðar, þar sem það að álitu sérfróðra manna hentar.

Þetta er ekki einasta hagsmunamál útgerðarmanna, heldur ekki síður þeirra sjómanna, sem bolfiskveiðar stunda, og þess mikla fjölda verkafólks, sem við fiskiðnaðinn vinnur við sjávarsíðuna allt í kringum landið, því að á allra vitorði er, að fiskvinnslustöðvarnar fá ekki yfir sumarmánuðina nægjanlegt hráefni, til þess að hægt sé að halda þeim gangandi, og hefur sums staðar orðið að grípa til þess ráðs að loka þeim yfir sumarmánuðina. Gefur auga leið, að slíkt hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér atvinnulega séð, þar sem fiskvinnslustöðvarnar eru víðast hvar við sjávarsíðuna aðaluppistaðan í atvinnulífi byggðarlaganna.

Verður því að telja, að athugun eins og hér er lagt til að verði látin fara fram, sé tímabær og færustu mönnum falið að leita þeirra úrræða, sem fyrir hendi kunna að vera til úrbóta.